WALDORFSKÓLINN
LÆKJARBOTNUM

Bekkjarnámskrá 9.-10. bekkur 2026–2027

Íslenska

Íslenska er kennd í þremur lotum, ein á haustönn, hinar á vorönn. Auk þess er vikulegur æfingatími fastur liður allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn á fimmtudögum.

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 21.09- 23.10 vikulegur æfingatími	Áhersluþættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, ritun.	Fyrri lotan er um ljóð og myndmál, örsögur og smásögur. Æfingatímar: Nútímabókmenntir, lestur, ritun, stafsetning, framsögur. Útdrættir og gerð bókmenntaritgerðar.	Að nemandi geti: Lestur og bókmenntir ● skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigin læsi ● lesið, skilið, túlkað, metið og fjallað um nútímaskáldsögu ● beitt hugtökum í bókmenntafræði svo sem sjónarhorni, sögusviði, minni og fléttu. ● lesið, túlkað og greint myndmál í ljóðum af ýmsum toga ● samið ljóð og texta frá eigin brjósti Ritun ● skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi ● beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar ● beitt reglum um réttritun ● tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. ● notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, gert bókmenntaritgerð, vísað til heimilda og skráð í heimildaskrá ● samið skáldlegan texta frá eigin brjósti. ● beitt myndmáli, táknum og stílbrögðum í skapandi skrifum Talað mál og hlustun ● flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða og fasi ● tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum ● búið til ljóð og smásögur í samvinnu við aðra og lesið upp ● sýnt skapandi vinnu annarra virðingu og hlustun.

Vorönn 01.03-19.03 12.04-24.04 vikulegur æfingatími	Áhersluþættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, ritun.	Æfingatímar: Skáldsaga/þýtt skáldverk, lestur og lesskilningur, skapandi ritun, framsögur. Fyrri lota er um málfræði og stafsetningu. Seinni lota er um mál og málnotkun, texta almenns eðlis, erlend áhrif, þróun og breytingar íslenskunnar.	Að nemandi geti: Málfræði ● beitt helstu málfræðihugtökum (fallbeygingu, íslenskri stafsetningu og rithætti) í umræðu um notkun málsins og þróun þess. ● beitt þekkingu sinni og kunnáttu í málfræði til að bæta eigin stafsetningu ● nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun ● flett upp í orðabókum og rafrænum orðabókum og nýtt sér þær ● gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni ● áttað sig á sérkennum íslenskrar málfræði, skyldleika við önnur tungumál, þróun hennar og sífelldar breytingar. Lestur og bókmenntir ● greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða ● lesið bókmenntatexta og almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lesið á milli lína og tekið gagnrýna afstöðu til efnis ● gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og heimilda Ritun ● tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. ● samið skáldlegan texta, smásögur og örsögur frá eigin brjósti. ● skrifað skýrt og greinilega og beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun ● beitt reglum um réttritun og gengið frá texta með góðri stafsetningu af virðingu fyrir máli og lesanda Talað mál og hlustun ● tekið ábyrgð á að miðla texta og innihaldi hans á skýran, sjálfstæðan og gagnrýnin hátt í framsögu

Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í tveim lotum, önnur á haustönn, hin á vorönn, fjórar vikur í senn. Auk þess er vikulegur dæmatími fastur liður allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn

	Haustönn 2026	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 30.11.-18.12.	Tölur og reikningur Rúmfræði og Mælingar Vinnulag stærðfræðinnar Algebra í æfingatímum.	• Hlutföll og prósentur. • Vextir og vaxtavextir. • Fjármál. • Pýþagórasar regla • Einslögun • Flatarmál, rúmmál og yfirborðsflatarmál • Stærðfræðiþrautir • Stærðfræðihugtök	• Sýnt fjármálalæsi: Notað stærðfræði til að skilja eigið fjármálalíf, þar á meðal laun, skatta, sparnað, lán og vexti • Beitt hlutfalla- og prósentureikningi: Notað prósentur til að lýsa breytingum, hlutföllum og samanburði í daglegu lífi. • Leyst fjölbreytt verkefni: Valið og beitt viðeigandi aðgerðum til að leysa textadæmi sem reyna á prósentubreytingar í mörgum skrefum. • geti notað hlutföll og útfært útreikninga á hlutföllum við hagnýtar aðstæður • geti notað pýþagórasarregluna í útreikningi á óþekktum stærðum • Geti greint sambönd, rannsakað og lýst sambandi milli teikningar og raunverulegs hlutar. • Beitt hlutfallareikningi og notað reglur um einslögun til þess að reikna út óþekktar hliðarlengdir í þríhyrningum og öðrum flatarmyndum. • Skilið hornastærðir og áttað sig á því að í einslögun haldast samsvarandi horn jafnstór þótt hliðarlengdir breytist í réttu hlutfalli. • geti áætlað og reiknað út lengd, ummál, vinkil, flatarmál, yfirborð auk þess að nota og breyta mælikvarða • geti framkvæmt útreikninga með lengd, hraða, massa, rúmmál og þéttleika • geti valið viðeigandi mælieiningar, útskýrt samhengi og umreiknað milli mismunandi mælieininga, notað og metið mælitæki og mæliaðferðir í hagnýtri mælingu og rætt nákvæmni og óvissu við mælingu • geti útskýrt töluna π (pí) og notað hana í útreikningum á ummáli, flatarmáli og rúmmáli • geti útfært og útskýrt rúmfræðileg form og myndfærslur með hringfara og reglustiku og öðrum hjálpartækjum • Geti nýtt fjölbreyttar reikniaðgerðir til að leysa þrautir

Vorönn 01.02.-26.02. Vikulegir æfingatímar		TÖLFRÆÐI OG LÍKINDI, ALGEBRA ● Líkindareikningur ● Hnitakerfið ● Föll ● Jöfnur, fyrsta- og annars stigs ● Saga stærðfræðinnar	● geti fundið líkindi með tilraunum og útreikningum í hversdagslegu samhengi. ● geti lýst niðurstöðum og tjáð líkindi sem brot, prósentur og tugabrot ● túlkað gröf beinna lína í hnitakerfi í rauntengdu samhengi, teiknað þau á blaði og stafrænt og notað teikningarnar til að leysa jöfnur ● geti leyst jöfnur og ójöfnur af fyrstu gráðu og einfaldar jöfnur með tveimur óþekktum stærðum, bæði í algebru og rúmfræði ● geti túlkað föll og þýtt á milli ólíkra framsetninga á föllum, svo sem grafa, línurita,formúla og texta ● þekkti til lífs og starfa nokkurra stærðfræðinga eins og t.d. Pýþagórasar, Arkímedesar, Keplers, Gauss og Abels og þekki til einhverra þeirra drifkrafta sem liggja að baki framþróunar stærðfræðinnar. ● Undirbúið og flutt kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði

Erlend tungumál

Enska

	Haustönn / Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Vikulegir æfingatímar allt skólaárið	Vikulegur æfingatími er vikulega allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn. Áhersluþættir í ensku: talað mál og hlustun, tónlist, bókmenntir, lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, og ritun	Kennslu og vekefnabækur Spotlight 10 Þemabókin Snow white in New York Ljóðabók Poems for the Middle and Upper School	● Nemandi getur lesið sér til gagns og ánægju almennan texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða. ● Nemandi getur aflað sér upplýsinga úr texta,greint aðalatriði frá aukaatriðum,gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. ● Nemandi getur sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi og notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur umorðað og notað hikorð. ● Nemandi getur tjáð sig áheyrilega um viðfangsefni sem hann þekkir eða hefur kynnt sér, getur sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. ● Nemandi getur flutt stutta frásögn eða kynningu blaðlaust um undirbúið efni af nokkru öryggi.

			• Nemandi getur skrifað samfelldan texta á ágætu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góðan orðaforða og tök á meginreglum málnotkunar.

Danska

	Haustönn / Vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Vikulegir æfingatímar allt skólaárið	Vikulegur æfingatími er vikulega allt skólaárið, tvær kennslustundir í senn. Áhersluþættir í dönsku: talað mál og hlustun,tónlist,kvikmyndir, bókmenntir,lestur og lesskilningur, mál og málnotkun, og ritun,	Kennslu og verkefnabækur Smil og Tak Ljóðabók: Digte Halfdan Rasmussen Lesbók Scooter og vinna verkefni úr henni Smásögur og ljósritaðir textar og lög	• Nemandi getur lesið sér til gagns og ánægju almennan texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða. • Nemandi getur aflað sér upplýsinga úr texta,greint aðalatriði frá aukaatriðum,gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. • Nemandi getur sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi og notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur umorðað og notað hikorð. • Nemandi getur tjáð sig áheyrilega um viðfangsefni sem hann þekkir eða hefur kynnt sér, getur sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. • Nemandi getur flutt stutta frásögn eða kynningu blaðlaust um undirbúið efni af nokkru öryggi. • Nemandi getur skrifað samfelldan texta á ágætu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góðan orðaforða og tök á meginreglum málnotkunar.

List- og verkgreinar

Handavinna

	Haustönn/vorönn	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 30.11- 18.12.2026	9. Bekkur Buxur	9. bekkur Í vetur læra nemendur að búa til einfalt buxna snið. Gerð verður verklýsing sem nemandi mun nýta sér við vinnu. Snið verður gert frá grunni eftir máli nemenda. Nemandi kaupir sjálfur efni, efnisval er ákveðið fyrirfram þ.e.a.s að unnið verður í bómullar jersey efni. Æft er að taka mál, vinna með flata sniðagerð, reikna út efnisþörf	Að nemandi: • viti hvað verklýsing fyrir fatagerð er • sé meðvitaður um mikilvægi nákvæmnis vinnu við flata sniðagerð • geti nýtt sér verkfæri sem þarf til fatagerðar • geti tekið mál

		í flík, vera nýtin á efni, vinna eftir verklýsingu, sjálfstæð vinnubrögð efld, Saumavél verður notuð við verkefnið.	• geti notað saumavél
Vorönn 04.01- 26.02.2027	10. Bekkur Hettupeysa	10. Bekkur Verkefni vetrarins er að hver nemandi geri hettupeysu í sinni stærð. Lagt verður upp með grunnsnið sem nemendur útfæra og breyta eftir eigin málum. Í grófum dráttum má lýsa verkefninu á þessa leið, skrifuð verður niður verklýsing sem unnin verður í sameiningu, því næst aðstoða nemendur hvorn annan við að taka mál, snið verður útfært, mælt hversu mikið efni þurfti í peysu, nemendur versla sjálfir efni í flíkina og þegar það er komið verður sniðið og að lokum hettupeysan saumuð í saumavél. Þessi vinna krefst útsjónarsemi, verkkunnáttu og nákvæmni. Nemandi nýtir sér reynslu frá verkefnum fyrri ára svo sem handsaum, notkun saumavélar, ef	Að nemandi: ● geti stuðst við verklýsingu, tekið mál, áætlað stærð og efnisþörf, ● geti notað saumavél og önnur hjálpartæki til að búa til flík ● þekki hvenær beinsaumur og hvenær zikk zakk saumur er notaður við gerð á einföldum flíkum ●geti verið samvinnu gott ●geti unnið sjálfstætt ●geti unnið af nákvæmni

Smíði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 30.11- 18.12.2026	9. Bekkur Brúðugerð	9 bekkur. Nemendur fara í skóginn og sækja efnivið sem þeir nota til að skapa einfaldar, hreyfanlegar brúður. Verkefnið sameinar skógarvinnu, útskurð, hreyfingu, persónusköpun, frásögn og leikræna tjáningu. Efniviðurinn er valinn út frá náttúrulegu formi hans. Greinar, kvistir og aðrir hentugir hlutar trésins geta orðið að höfði, líkama, útlimum eða öðrum hlutum brúðunnar. Nemendur þurfa að sjá möguleika í efniviðnum og laga hönnunina að því sem skógurinn býður upp á. Brúðan þarf að geta hreyfst. Nemendur kanna hvernig hægt er að skapa einföld liðamót og tengingar þannig að persónan fái hreyfigetu og geti tekið þátt í leik. Þegar brúðan er tilbúin skapa nemendur sögu og lítið leikrit út frá persónunum. Unnið er með íslenskar þjóðsögur sem innblástur og nemendur geta annaðhvort unnið með þekkta sögu eða skapað nýja frásögn sem sækir efnivið, persónur eða hugmyndir í þjóðsagnahefðina. Lokaverkefnið verður lítil brúðusýning þar sem nemendur sýna hvert öðru sögurnar sem þeir hafa skapað.	Við lok verkefnisins geti nemandi: • valið efnivið úr skógi með hliðsjón af formi, styrk og fyrirhugaðri notkun, • unnið með ferskan við á öruggan og meðvitaðan hátt, • beitt helstu handverkfærum af öryggi og nákvæmni, • hannað og smíðað einfalda hreyfanlega brúðu, • skapað virka og endingargóða liðamót, • nýtt náttúrulegt form viðarins í hönnun, • þróað persónu út frá efniviði og eigin hugmynd, • tengt brúðugerð við íslenskar þjóðsögur og frásagnarhefð, • skapað einfalda leikræna frásögn, • tekið þátt í samvinnu og sameiginlegri sýningu, • sýnt frumkvæði, þolinmæði og ábyrgð í lengra skapandi ferli.

Vorönn 04.01- 26.02.2027	Hnífagerð	Í 10. bekk taka nemendur næsta skref í efnisþekkingu og nákvæmni. Í samvinnu við eldsmiðjuna vinna þeir skaft fyrir hnífsblað sem smíðað hefur verið í eldi, eða skapt fyrir skóhorn. Ólíkt fyrri bekkjum, þar sem áherslan hefur verið á smíði úr ferskum viði úr skóginum, velja nemendur nú úr vel völdum og þurrkuðum harðviði. Þeir kynnast meðal annars eik, kirsuberjavið, selju, ask og öðrum hentugum viðartegundum. Nemendur þurfa að velja efni með hliðsjón af styrk, trefjastefnu, lögun, útliti og hlutverki hlutarins. Þeir læra að efnisvalið er hluti af hönnuninni og að mismunandi viðartegundir hafa ólíka eiginleika. Áhersla er lögð á nákvæma vinnu, góða tengingu milli skafts og blaðs eða skóhorns og vandaðan frágang.	Við lok verkefnisins geti nemandi: • þekkt og borið saman nokkrar tegundir harðviðar, • valið við út frá styrk, trefjastefnu, útliti og notkun, • útskýrt muninn á ferskum viði og þurrkuðum harðviði, • unnið með þurrkaðan við af nákvæmni og öryggi, • hannað skaft sem tekur mið af virkni og notkun, • mótað skaft með góðum hlutföllum og þægilegu gripi, • tengt skaft við hnífsblað eða skóhorn með vönduðum hætti, • beitt handverkfærum af öryggi og sjálfstæði, • sýnt nákvæmni í yfirborðsfrágangi, • metið eigin vinnu með gagnrýnum og uppbyggilegum hætti, • sýnt ábyrgð, þrautseigju og fagmennsku í vinnuferli.
Haustönn 28.9-16.10 og 2.11.-27.11	Eldsmíði	Búa til skóhorn úr járni og kopar	• þekkt helstu verkfæri sem notuð eru í eldsmíði og haft vald á þeim • þekkt eiginleika kopars og járns • þekkt grunnaðferðir við eldsmíði og framkvæmt þær • beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað • sýnt bæði sjálfstæð vinnubrögð og góða samvinnu

Tónlist

	Tónlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
10.5. - 21.5.		Nemendur æfa • tónmyndun og hljóm, • samsöngur á lögum frá öllum tónlistargeirum og mismunandi menningum sem og samspilshópum með söng og hljóðfæri, tónfræði og nótnalestur, Nemendur læra • tónlistarsöguna, • algeng tónlistarhugtök og formerki,	*vantar*

		• umræður um stöðu tónlistar í samfélaginu og merkingu hennar fyrir samfélög og einstaklinga	

Leiklist

	Leiklist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 24.08- 18.09.2026	Leiksýning Momo	• Leiklist, samþætt við íslensku og tónlist • nemendur setja upp leikrit um Mómó eftir Michael Ende • nemendur taka þátt í uppbyggingu sviðsmyndar, búningagerð, hljóð- og ljósmynd.	Að nemandi: • hafi tekið virkan þátt í leikrænu ferli. • geti túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. • geti beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína. • geti verið góður áhorfandi og sýnt öðrum tillitssemi. • geti bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.

Heimilisfræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 24.08.-18.09.2026		Í 9. og 10. bekk vinna nemendur að því að efla sjálfstæði sitt í matargerð og heimilishaldi. Lögð er áhersla á skipulagningu og undirbúning máltíða, örugg vinnubrögð í eldhúsi og ábyrgð við framkvæmd verkefna. Nemendur læra að velja hráefni með hliðsjón af næringu, hagkvæmni og sjálfbærni og öðlast aukið sjálfstraust við að elda fjölbreyttar máltíðir frá grunni. Í náminu vinna nemendur bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Þeir kynnast mismunandi matreiðsluaðferðum og ræða mikilvægi hollra matarvenja, heilsu, matarsóunar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir aukið sjálfstæði í daglegu lífi og styrkja hæfni þeirra til að taka upplýstar ákvarðanir um mat og lífsstíl.	• Skipulagt, undirbúið og eldað máltíð fyrir hóp. • Beitt fjölbreyttum matreiðsluaðferðum við matargerð. • Valið hráefni með hliðsjón af næringu, gæðum og hagkvæmni. • Unnið sjálfstætt og sýnt ábyrgð í framkvæmd verkefna. • Tekið þátt í samstarfi og skipulagi í eldhúsi. • Metið næringargildi og gæði máltíða. • Tekið þátt í umræðum um matarvenjur, heilsu, matarsóun og sjálfbærni.

Myndlist

	Myndlist	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Tímabil Tvær samliggjandi kennslustundir 1x í viku, í tveimur lotum yfir skólaárið.	Myndlist	Tenging við listasögu frá Forn-Egyptum að impressjónisma. Unnið með ýmsa þættir málaralistar svo sem: ● litaupplifanir og blöndun lita, ● hreinir frumlitir blandaðir til að mynda svarta, gráa og brúnlitaða tóna, ● teiknað úti í náttúrunni með kolum, ● málað á þurr blöð með þynntri málningu, ● málað lag ofan á lag og flöturinn látinn þorna á milli umferða, ● aðferðir til að ljósið komi inn í myndina á annan hátt en áður hefur verið æft, ● litahringurinn málaður á þennan hátt.	Að nemandi geti: ● eflt færni sína í ólíkum miðlum myndlistar. ● tekið virkan þátt í tímum. ● geti hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í verkefnum. ● gert grein fyrir hugtökum og heitum í myndlist sem tengjast aðferðum hverju sinni. ● tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og annarra í samtali við aðra nemendur og kennara. ● unnið verkefni í hóp. ● farið vel með verkfæri og efnivið tengt verkefnum hverju sinni og sinnt frágang.

Samfélagsfræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 30.11.-18.12.2026	Mannkynssaga Samþætt við íslensku og myndlist	Nemendur læra um ● borgarastyrjöld Bandaríkjanna ● fyrri og seinni heimsstyrjöldina ● dýpka þekkingu sína á 20. öldinni	Að nemandi geti: ● áttað sig á tengslum sögulegra atburða, orsaka og afleiðinga á ólíkum tímum. ● útskýrt hvernig líffskilyrði, tækni, menning og stjórnarfar hefur breyst á tímabilum í mannkynssögunni og á ólíkum svæðum í heiminum. ● borið saman ólík tímabil og áttað sig á því að fortíð getur mótað samtíma og framtíð. ● þekkt helstu tímabil eins og: upphaf siðmenningar, nýlendutíma, iðnbyltingu og heimsstyrjaldir. ● skilið að sagan er oft sögð frá ólíkum sjónarhornum og túlkanir á atburðum geta verið mismunandi. ● aflað sér upplýsinga um söguleg málefni úr fjölbreyttum heimildum, t.d. texta, myndum, stafrænum miðlum ofl. á gagnrýnin hátt.

			● tjáð skoðanir og rökstutt mál um söguleg og samfélagsleg málefni bæði í ræðu og riti.
Vorönn 01.03.-12.03.2027	Starfskynningar	Í vetur verður lögð áhersla á að allir fari í starfskynningar. Markmiðið er að kynnast atvinnulífinu í landinu betur. Nemendur vinna að vali um starfsvettvang og kynna fyrir samnemendum út frá fenginni reynslu.	Að nemandi geti: ● sýnt áhuga og verið virkur þátttakandi eins og hægt er á þeim vinnustað sem viðkomandi kynnist. ● fjallað um eigin reynslu og upplifanir í samtali við samnemendur og kennara.
Haustönn 30.11. - 18.12	Landafræði Samþætt við samfélagsfræði og mannkynssögu	Heimsálfurnar Asía, Afríka, Ástralía, og Ameríka. ● sérkenni ● lífsskilyrði ● auðlindir ● löndin	Að nemandi: ● Þekki heimsálfurnar. ● Átti sig á sérkennum, náttúru skilyrðum og menningu á mismunandi svæðum heimsins. ● Geti borið saman ólík svæði, landslag og hvernig þau hafa mótast yfir langt tímabil.
Lífsleikni/kynfræðsla	Kynfræðsla	Helstu hugtök og umræður: ● Kynþroskinn og líkamlegar breytingar ● Tilfinningar, samskipti og andlegur þroski ● Ábyrgð, sjálfsábyrgð, sjálfsálit og sjálfsvirðing ● Pressa, saklaus og ekki saklaus pressa ● Virðing manndóms og heiður orðspors ● Kynlíf, sjálfsfróun, fullnæging ● Klám, klámfíkn og ofbeldishegðun ● Leyfi, tengslarof milli hugar, hjarta og kynfæra.	● Geta lýst helstu breytingum á líkamanum á kynþroskaskeiðinu. ● Þekkja gerð og starfsemi kynfæranna ● Átta sig á líkamlegum, andlegum, félagslegum breytingum sem fylgir því að þroskast ● Átta sig á samhengi hirðusemi og hollra lífsvenja ● Þekkja hugtökin sjálfsmynd, sjálfsvirðin, vinátta, kynhvöt og kynhneigð, kynsegin ● Þekkja muninn á klámi, fantasíum og erótík ● Geta séð klám í skýru ljósi sem kynlíf sem söluvara - þekkja áhættuþætti sem fylgja klámáhorfi (fíkn, rof á milli raunveruleikans og fantasíu, rof og tengslarof á milli heilans, hugsana og líkamans). Átta sig á birtingarmyndum ofbeldis og kvenfyrirlitning í klámi.

Lífsleikni

	Lífsleikni	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Haustönn 21.09-25.09.2026	Lífsleikni vika í Furudal	Lífsleiknivika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Nemendur í 9.-10. bekk eru drekar í drekaleiknum, árlegri lífsleikniviku. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera dreki. Hlutverkið reynir á getuna til að aðlagast mismunandi aðstæðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Hlutverkin krefjast færni eins og sjálfsígrundun, lausnamiðaðri hugsun og færni í mannlegum samskiptum.	Að nemandi geti: ● eflt eigin styrkleika, sýnt sjálfstæði og tekist á við tilfinningar sínar. ● sýnt tillitssemi og umhyggju. ● unnið í hóp og leyst ágreining á friðsamlegan hátt. ● sýnt ábyrgð í leik og starfi.
Tímabil 31.05.-04.06.2027	Skólaferðalög á Íslandi og í Þýskalandi.	Gönguferð með allt á bakinu, tjaldað og gengið um Hengilssvæðið. Reynir á úthald og samvinnu. Ferð til útlanda. Áhersla á náttúru viðkomandi lands, sögu og menningararfleifð. Einnig efling teymisvinnu og samskiptahæfileika bekkjarins. Markmið er að fara til Þýskalands og Sviss, ganga um fjöll í Sviss en vera í kringum Bodensee, stöðuvatnið sem tengir Sviss, Þýskaland og Austurríki.	
Tímabil 02.11-27.11 04.01- 29.01	Bekkjarfundir eru haldnir einu sinni í viku í lotum sem umsjónarkennari sinnir.	Bekkjarfundir eru tækifæri til að efla lýðræðisvitund, ræða samfélagsmál og styrkja félagsandann í bekknum. Nemendur í 9.-10.bekk taka mikla ábyrgð á fundunum og stýra þeim að stórum hluta sjálfir.	Að nemandi geti: ● stuðlað að bættum félagsanda. ● tjáð sig um ýmis málefni í samtali við bekkjarsystkin og kennara. ● borið ábyrgð og skipst á að vera fundarstjóri og ritari. ● virt skoðanir annarra og áttað sig á að allir geti ekki alltaf verið sammála. ● geti spurt spurninga, metið upplýsingar og rætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum. ● unnið í hóp og leyst ágreining á friðsamlegan hátt.

			• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn, menningu og viðhorf. • átti sig á jafngildi sínu og annarra, á mannréttindum og jafnrétti.

Náttúrufræði

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Vorönn 04.01.-29.01.2027	Líffræði	Mannslíkaminn • taugakerfið • meltingarkerfið • hrynjandakerfið (hjarta og æðakerfið) • frumur og fósturfræði Manneskjan í umheiminum og fjögur ríki náttúrunnar • steinaríkið • plönturíkið • dýraríkið • manneskjan Umfjöllun og samanburður. Dregin er saman heildarmynd af lærdómi undangenginna skólaára.	Að nemandi: • þekki helstu líffærakerfi mannsins, meltingarkerfi, blóðrásarkerfi, taugakerfi og öndunarkerfi, og hvernig þau vinna saman. • geti tengt eigin lífshætti, næringu, hreyfingu og kynheilbrygði við starfsemi og velferð líkamans. • skilji byggingu frumu (plöntu- og dýra) og hlutverk helstu frumulíffæra. • geti áttað sig á því hvernig útlit og eiginleikar berast milli kynslóða með erfðaefni DNA og kunni grundvallarhugtök í líffræði. • átti sig á samspil í náttúrunni, áhrif mannsins á náttúruna og líffræðilega fjölbreytni.
Efnafræði Tímabil 12.04.-07.05.2027	Efnafræði	• lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni • gróðurhúsaáhrifin • oxun og fækkun • efnaferlar jarðolíu	• þekki mikilvægustu sýrur og basa og úrval salta, heiti þeirra og eiginleika, geti lýst hringrás kalks • þekki aðalflokka næringarefna, sérstaka eiginleika þeirra og þýðingu þeirra fyrir næringarferli mannsins • þekki hinar ýmsu birtingarmyndir kolefnis, t.d. vetniskolefni, lífrænar sýrur • þekki til bergfræðilegra ferla, eimingu hráolíu, ólíka efnisþætti hennar og notkun þeirra í framleiðslu gerviefna • þekki til notkunar hjálparefna sem efnahvata og vísa • geti rætt um grundvallar muninn á milli kenninga og þess sem byggir á raunverulegum athugunum.

Eðlisfræði Tímabil 12.04.-07.05.2027	Eðlisfræði	Hita og aflfræði ● stækkun og samdráttur ● fasabreytingar eins og uppgufun, bráðnun, storknun, þétting ● hitastig, suðumark, þrýstingur og rúmmál, lögmál Boyle og óreiða/skipulagsleysi ● gufuhverfill, gufuvél, ísskápur, varmadæla ● innri brennsluvél, eldflauga vél ● nútíma hitaveitu vélar /tæki ● hugtakið orka ● efnahvörf Raforkukenning og hljóðvist ● tíðni og tónhæð ● rafsveiflur í hljóðnema / hátalara /síma, umbreyting í hljóðbylgjur	● þekki til hitavirkni rafmagns, ● þekki til segulvirkni rafmagns og notkun hennar í tækjum og vélum, ● þekki grundvallarlögmál fyrir ólíka straumgjafa, ● sé kunnugt um einföld rafræn hjálpartæki í hinu daglega lífi og hvernig þau virka, ● þekki í grundvallaratriðum hugtök eins og leiðsla, mótstaða, einangrun, spenna og ● straumstyrkur, ● þekki til öryggisráðstafana við almenna notkun rafmagns.
Garðyrkja 24.08-18.09 10.05-10.06	Garðyrkja	Garðyrkja er tengd árstíðum, kennd í byrjun og lok skólaárs. Hver bekkur hefur sitt svæði og/eða bekkjargarð sem hann sinnir. 9.-10.bekkur sinnir gróðurhúsi og beðum þar í kring. Markmiðið er að efla ábyrgðarkennd með teymisvinnu í verkefnum en einnig að þau fái að kynnast landslagshönnun og mannvirkjagerð.	Að nemandi geti: ● tileinkað sér þá hugsun að samspil manns og náttúru er gagnkvæmt, maður reyni að skila til náttúrunnar eins mikið og maður uppsker. ● áttað sig á mikilvægi samvinnu, að kæruleysi einstaklingsins hefur bein áhrif á uppskeru samfélagsins. ● skipulagt og framkvæmt breytingar á landslagi, eins og gerð á stígum, tröppum og veggjum eða uppsetning á girðingu. ● skilið grunnviðmið sjálfbærrar ræktunar, sýnt umhyggju fyrir jörðinni, umhyggju fyrir fólki og sanngjarnri skiptingu.

Íþróttir og hreyfing

	Íþróttir og hreyfing	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
ein kennslustund í viku yfir allt skólaárið	Íþróttir	Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða nokkrar yfir árið. Sundkennsla fer fram í Kópavogslaug og íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu Norðlingaholti.	• nýtt sér þekkingu sína í uppistöðu námsins til þess • að nýta sér það heima fyrir og komist í líkamlegra betra form • finni fyrir aukinni vellíðan með aukinni hreyfingu • bætt sig í þreki, áokrað meira og kynnst nýjum íþróttum í öryggi.
Haustönn 21.09- 27.11.2026	Bothmer leikfimi Fimleikaæfingar sem við gerum eru frá Bothmer fimleika. Þetta eru æfingar sem Friz Graf von Bothmer, fyrsti fimleikakennarinn í Waldorfskólanum í Stuttgart, vann út með stuðningi Steiners. Meginmarkmið þeira er að rækta, skref fyrir skref, meðvitund um að vera uppréttur og um rýmisdýnamík.	Leikfimi snýst um að þróa forsendur nemanda til hreyfingar. Þetta þýðir hvetjandi starfsemi i formi útivistar, hópleikur og íþróttaiðkunar. Viðfangsefnið mun veita reynslu og þekkingu á því hvernig líkaminn vinnur í virkni og hvíld. Íþróttakennsla miðar að því að veita grunn upplifun að rými og þyngdarafli, eins og maðurinn stendur í tengslum við víddir rýmis og líkamlegu lögmálin. Það á að veita skilning á því hvernig hægt er að þróa færni í ýmiss konar hreyfingu, hvernig á að æfa hreyfifærni, styrk og þol. Þekking á hreyfingu og heilsu og hvernig mæta megi kröfum um að ná tökum á hreyfingum og hreyfingu að daglegu lífi er miðlæg og einbeiting og fullkomin leikni eru mikilvæg markmið. Leikfimi ætti einnig að stuðla að því að efla skilning nemandans á því hvers vegna heilbrigður lífsstíll veitir bæði persónulegan og samfelagslegan ávinning. Að ná tökum á einhverju skapar gleði og sjálfstraust. Leikfimi ætti að hjálpa til við að skapa þessar stundir, efla leikni, heilbrigt og gott samband við eigin líkama.	• tekið þátt í ólíkum íþróttum • þekkir tækni, taktík og þjálfunar reglur í fjölbreyttum hópíþróttum
Vorönn 25.05-28.05	Ólympíuvika	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþrótta dögum, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.	• Beitt mismunandi tækni og færni í frjálsíþróttagreinum (kúluvarpi, langstökki, spretthlaupi) á viðeigandi hátt.

			• Sýnt vandaða framkomu, prúðmennsku og íþróttamannslega hegðun í leik og keppni. • Sýnt ábyrgð og frumkvæði í samstarfi og tekið tillit til ólíkra þarfa og getu samnemenda sinna í hópastarfi.

Upplýsinga- og tæknimennt (UT)

	UT	Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
10.05- 21.05.2027	Áhersluþættir: Ritun og google umhverfið. Heimildavinna Upplýsingalæsi Námsmat: • Verkefnaskil • Virkni og þátttaka í tímum • Samskipti við samnemendur og kennara	Nemendur læra rétta fingrasetningu og æfa fingrafimi. Nemendur velja sér viðfangsefni eftir áhugasviði og nota netið til að afla sér upplýsinga um efnið. Þau leita að heimildum og leggja mat á áreiðanleika upplýsinga á netinu. Nemendur læra einnig og búa til heimildaskrá eftir stöðluðu kerfi. Nemendur nota Google-umhverfið, þ.e. Google Docs, til að skrifa um efnið (1–2 bls.) og senda kennara verkefnið í tölvupósti. Einnig setja nemendur viðfangsefnið upp í Google Slides og kynna verkefnið fyrir bekknum.	Að nemandi: • kunni að afla sér upplýsinga sér til gagns og geti fræðst sjálfstætt með aðstoð veraldarvefsins • kunni að vinna með upplýsingar með mismunandi verkfærum • geti lagt mat á áreiðanleika upplýsinga á netinu • geti skipulagt verkefnavinnu skref fyrir skref og haldið utan um alla þætti hennar á skipulegan hátt

Val

		Viðfangsefni lotunnar	Hæfniviðmið
Val er kennt í einum föstum	Val	Nemendur geta valið á milli námskeiða. Valgreinar: tungumál, myndlist, hönnun, bakstur, ljósmyndun, leir ofl.	• taki þátt í að móta eigið nám, dýpki þekkingu sína á ákveðnu áhugasviði og kynnist grundvallaratriðum í viðkomandi grein.

fagtíma á viku allt skólaárið.			● geti beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum til sjálfstæðrar sköpunar og persónulegra útfærslna. ● geti sýnt vönduð vinnubrögð, frumkvæði og virkni í verkefnum.
Allt árið	Útskriftarverkefni	Nemendur í 10. bekk velja sér lokaverkefni og vinna að því jafnt og þétt yfir árið. Á útskriftardegi halda nemendur munnlega kynningu á lokaverkefni sínu og lokaafurð.	● Sýni frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð við að skipuleggja og stýra eigin vinnuferli yfir heilt skólaár. ● Dýpki tæknilega færni sína og vinnubrögð í þeirri grein sem verður fyrir valinu. ● Setji fram eigin sköpun og vinnuferli í formi skipulegrar ferilbókar og kynni það munnlega á skýran og metnaðarfullan hátt fyrir áheyrendum. ● sett sér markmið og gert áætlanir sem taka mið af eigin styrkleikum og áhugasviðum.

*Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar